



Borgarráð

Reykjavík, 17. mars 2025

MSS23120162

Breyting á samþykkt um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1974-1979 til samræmis við fyrri athugun

Lagt er til að borgarráð samþykki að d. liður umfjöllunar í greinargerð með tillögu sem samþykkt var á fundi borgarráðs 11. janúar 2024 um að kjósa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árin 1974-1979 verði breytt með eftirfarandi hætti, sbr. heimild 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2022 um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa: *d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofunnar og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunni eftir að dvölinni lauk.*

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 11. janúar 2024 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að kjósa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hafi það hlutverk og verkefni að gera heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á tímabilinu 1974-1979, þ.á.m. með hliðsjón af breyttum verkefnum vöggustofunnar á því tímabili. Í greinargerð með tillögunni voru tilgreind markmið athugunarinnar og meginverkefni nefndarinnar í sex stafliðum. Þar á meðal er í d. lið umræddrar umfjöllunar að finna umfjöllun um eftirfarandi verkefni nefndarinnar: *d. Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofunnar og nefndin telur þarfnast skoðunar.* Með tillögu þessari er lagt til að umræddum staflið verði breytt á þann veg að hann verði orðrétt eins og ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna með svohljóðandi hætti: *Að lýsa öðrum atriðum sem tengjast starfsemi vöggustofanna og nefndin telur þarfnast skoðunar, þar á meðal eins og kostur er afdrifum þeirra barna sem vistuð voru á vöggustofunum eftir að dvölinni lauk.*

Jafnvel þótt að umrædd breyting verði talin rúmast efnislega innan orðalags þeirrar tillögu sem borgarráð samþykkti á fundi sínum 11. janúar 2024 og getið er um hér að framan, þá er engu að síður lagt til að þessi breyting verði samþykkt í því skyni að fullt samræmi sé á milli ákvæðis 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/2002 og greinargerðar með tillögu borgarráðs um málið.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík